

kanónum. Skothríðin hófst 2. marz kl. 11 árdegis. Á hádegi voru flestar kerrurnar skotnar undan kanónum kastalamanna, og fjöldi af liði þeirra óvígð. Á nóni sóttu Rússar að; 300 Pólverjar ráku þá af höndum, og réð ofursti Koszynski fyrir þeim. Þann dag féllu 23 af kasralamönnum, og 120 urðu sárir.

Meðan á þessu stóð, heyrðu þeir félagar, hershöfðingjarnir, stöðugt kanónudunur í fjarska og varð ekki rótt við það, Eftir 12 tíma skothríð var ekki sprottin sprunga á kastalanum. Þeir sáu að til þess þurfti 12 tíma enn, og ef til vill 36 tíma, og þeir áttu ekki kost á svo löngum tíma. Þeir voru að eins dagleið á undan Napoleon, sem var í hælunum á þeim.

Blucher sendi nú friðarboða í kastalann, kaptein Mertens. Þegar Moreau komst að því, að hér var að ræða um uppgjöf kastalans, vildi hann ekki tala meira við sendimanninn, og kvaðst enga samninga gera við herforingja, er ekki hefði skriflegt umboð í höndum. Eftir klukkustund kom Mertens aftur með bréf. Duglegur herforingi hefði ekki tekið á móti sendimanninum í annað sinn. Kastalinn var í engri hættu. Moreau hefði getað bætt þann skaða um nóttina, sem hann hafði orðið fyrir.

Mertens sló Moreau gullhamra fyrir hreysti hans og liðsmanna hans, og fór að öllu kænlega; hann taldi líka um fyrir honum og leitaðist við að sýna honum, að lið hans væri svo lítið, að engin von væri um sigur, þar sem óvinir hans hefði óvígðan her, 50 mót einum af hans mönnum. Það væri mikill ábyrgðarhluti að gera gagnslausa varnartilraun og stofna þannig kastalanum og bænum í hættu, þar sem alt yrði þá rænt og brent. Moreau kvaðst vilja láta grafa sig undir veggjum kastalans. En Mertens sá, að hann var á báðum áttum, og leiddi honum fyrir sjónir, að þó hann yrði að gefast upp á heiðarlegan hátt, væri honum leyft að slást aftur í hóp keisaraliðsins.

Hann reyndi að sýna honum, að eftir tvo, þrjá daga hlyti Soissons að gefast upp; þá mundu þeir af setuliðinu, sem eftir lifðu, verða herteknir og bæjarbúar rændir. Nú gæti setuliðið farið í friði.

Moreau átti ekki að fara eftir öðru en skipun sinni. Þar var